

Skipulagsmál nr.1336 / 2025 OP1

Opið svæði milli Lóurima og Sunnulækjarskóla í Árborg

Kyrrð, frjálsslegur gróður og útsýni hafa verið aðalsmerki svæðisins

1. Ég geri athugasemd að sveitarfélagið hafi ekki haft opinn kynningarfund fyrir íbúa Lóurima vegna skiplagsbreytinga og framkvæmda, það er kannski löglegt en það er siðlaust
2. Ég geri athugasemd með skipulag á byggingu 200 m² skátaheimils (samkomusalar), útielðhúss og skemmtisvæðis, vegna eldhættu og mögulegrar hljóðmengunar.
3. Ég geri athugasemd að skipulag svæðisins tilheyri skipulagi Sunnulækjarskóla frekar en skipulagi Lóurima.
4. Ég geri alvarlega athugasemd að byggingarmagn 200m² húss + grillhúsa í stað 60m² byggingareitar, **sé óveruleg breyting á skipulagi**, það eru mörg hundruð % aukning á leyfilegu byggingarmagni frá fyrra skipulagi.

Til upplýsinga, það hefur þegar orðið verulegt ónæði af framkvæmdum þar sem sveitarfélagið vaknaði til lífsins árið 2025 og fór að taka til í landareign sinni með öskrandi bensínmengandi keðjusög, sláttuorfum og sláttuvél á bestu sumarleyfisdögum mínum 2025 til undibúnings framkvæmda, sem ekki var búið að samþykkja breytt skipulag fyrir, þetta ámælisvert ef ekki lögbrot

5. Ég mótmæli ónæði af ljósgangi, bakkflauti og hávaða vinnuvéla að morgni 12.12.2025 vegna undirbúningsvinnu á umræddu svæði
6. Ég geri athugasemd við gerð bílastæða á umræddu svæði. Ferðafólk mun geta nýtt sér bílastæði og grillaðstöðu allan sólarhringinn í opnu skóglendi í boði sveitarfélagsins. Vil benda á næg bílastæði við Sunnulækjarskóla 100 metra frá fyrirhuguðum bílastæðum. Þannig er hægt að nýta innviði, efla heilsu og spara peninga.
7. Ég geri athugasemd að svæðið verði opið um kvöld og nætur, vegna mögulegs ónæðis
8. Ég fer fram á, til vara, að skipulag geri ráð fyrir lokunarslá fyrir bíla sem hindrar umferð um bílastæði og aðkomuleið um kvöld og nætur
9. Ég vara við augljósri eldhættu af 4-5 opnum óvörðum eldstæðum í skóg- og kjarrlendi bæjarins. Samkvæmt skipulagstillögu á að þurrka upp svæðið með drenlögnum sem eykur enn á eldhættu. Hús nr. 4, 6, 8, 14 og 16 við Lóurima eru timburhús
10. Bendi á ónæði í grónu hverfi af völdum væntanlegra byggingaframkvæmda og lóðarframkvæmda
11. Ég geri athugasemd við gerð jarðvegsmanar samkvæmt skipulagi, sem getur minnkað útsýni til s-vesturs frá húsi mínu

Til upplýsinga, ég hef slökkt sinueld á svæðinu án aðkomu slökkviliðs eða tilkynningar á facebook. Þess vegna gerðist ekkert ! Það var logn á Selfossi !
Gæludýraeigandur hafa nýtt sér svæðið á þægilegan hátt á fyrirhuguðu leiksvæði barna.

Ég áskil mér rétt til að leita réttar gagnvart sveitarfélaginu vegna skaða og ónæðis sem framkvæmdir kunna að valda mér eða eign minni

Undirritaður er íbúi í Árborg og Selfosshreppi í 65 ár og Lóurima í 23 ár

Sveinn Grímsson
Lóurima 16. Selfossi